

**BS ritgerð í viðskiptafræði
Á reikningshaldslínu**

Viðskiptavild

Höfundur: Sólmundur Hólm Sólmundarson



Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands

Leiðbeinandi: Bjarni Frímánn Karlsson lektor

Júní 2009

Útdráttur

Viðskiptavild hefur verið mikið í umræðunni undanfarna mánuði. Meint misnotkun manna á viðskiptavild er oftast en ekki nefnd sem ein af helstu orsökum þess að íslenskur fjármálamarkaður hrundi. Sagt er að hún hafi verið blásin upp í efnahagsreikningum fyrirtækja til að eiginfjárstaða þeirra virkaði sterkari. Þannig átti verð bréfa í viðkomandi félögum að hækka.

Þó margir hafi sagt skoðun sína á viðskiptavild er ekki þar með sagt að allir viti nákvæmlega hvað viðskiptavild er. Þ.e. Hvernig hún verður til, hvernig hún er reiknuð og prófuð fyrir virðisrýrnun svo eitthvað sé nefnt. Í þessari ritgerð er leitast við að skýra út hugtakið viðskiptavild og þá reikningsskilastaðla sem hlutafélög og samstæður með skráð bréf í kauphöllum innan evrópska efnahagsvæðisins þurfa að gera upp samkvæmt. Mögulegar bókhaldsbrellur með viðskiptavild koma einnig við sögu.

Könnuð er þróun á virði viðskiptavildar í Kauphöll Íslands frá árslokum 2003 til ársloka 2007. Tekin eru fyrir þau fyrirtæki sem juku mest við viðskiptavild sína á fyrrgreindu tímabili og einnig er kannað hlutfall viðskiptavildar af heildareignum og eigin fé félaganna.

Í ritgerðinni eru tekin fyrir þau fimm fyrirtæki sem höfðu hæst hlutfall viðskiptavildar af heildareignum í árslok 2007 og staða þeirra í dag könnuð. Aðgengi að upplýsingum um fyrirtækin er misgott þar sem þrjú þeirra eru ekki lengur með skráð bréf á opnum hlutabréfamarkaði. Einhverjar tölur eru þó aðgengilegar en einnig hafa margar fréttir verið skrifaðar um þessi tilteknu félög. Athugun þessi leiddi í ljós að fjögur af þessum fimm félögum eiga á brattan að sækja. Hversu stóran þátt ofmat á viðskiptavild á í þessum erfiðleikum er ómögulegt að segja til um. Efnahagsaðstæður eru ekki með besta móti og því eiga fyrirtæki ekki mjög hægt um vik um þessar mundir. Þó er ljóst að vöxtur viðskiptavildar var gífurlegur á þessum tíma og því vakna upp ýmsar spurningar hvort þörf sé á breyttum reglum eða lögum sem lúta að meðferð viðskiptavildar í ársreikningum fyrirtækja.

Formáli

Ritgerð þessi er sex eininga BS verkefni í Viðskiptafræði og er hún skrifuð við Háskóla Íslands. Leiðbeinandi höfundar við skrifin var Bjarni Frímann Karlsson, lektor við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.

Niðurstaða

Samkvæmt þeim gögnum sem notast var við í þessari ritgerð var vöxtur viðskiptavildar gríðarlega mikill á árunum 2003-2007. Virði viðskiptavildar hjá þeim félögum sem tekin voru fyrir fimmtánfaldaðist á þessum fimm árum sem um ræðir. Á þessum tíma var hætt að afskrifa viðskiptavild um ákveðið hlutfall árlega og þess í stað farið að prófa hana gagnvart virðisrýrnun í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Eftir að þeir voru teknir upp var óalgengt að virði viðskiptavildar lækkaði milli ára. Umtalsverðar hækkningar á virði viðskiptavildar voru aftur mun algengari.

Farið var yfir mögulegar bókhaldsbrellur sem Aðalsteinn Hákonarson tók saman. Séu mörg dæmi um að samrunar hafi verið með þeim hætti sem Aðalsteinn lýsir er ekki ólíklegt að einhverjir fjárfestar hafi hreinlega verið blekkir til kaupa á bréfum. Þeir hafi fjárfest í þeirri trú að eiginfjárstaða fyrirtækja væri sterkari en raunin var.

Viðskiptavild sem hlutfall heildareigna hefur einnig verið mikið í umræðunni og þegar það hlutfall var skoðað, þ.e. hlutfall viðskiptavildar af heildareignum hjá öllum félögum sem tekin voru fyrir var vöxturinn ekki svo ýkja mikill, ef undanskilið er síðasta árið. Ef einstaka félög voru hinsvegar tekin fyrir sást að hjá ákveðnum toppum var hlutfall viðskiptavildar vel yfir helmingi heildareigna. Einnig var vöxtur viðskiptavildar hjá nokkrum fyrirtækjum afar mikill milli ára.

Þau félög sem höfðu hæsta hlutfall viðskiptavildar af heildareignum í lok árs 2007 voru tekin sérstaklega fyrir og staða þeirra í dag könnuð. Fjögur þessara fimm félaga eiga í einhverskonar vanda í dag en hið fimmta stendur nokkuð traustum fótum að sögn stjórnar fyrirtækisins.

Að meta áhrif vaxtar viðskiptavildar á íslenskt efnahagslíf er eitthvað sem verður ekki gert á einni nóttu. Því er erfitt að segja til um hvaða þátt hátt hlutfall viðskiptavildar af heildareignum á í erfiðri stöðu fjögurra af þeim fimm fyrirtækjum sem hæst höfðu fyrirnefnt hlutfall í árslok 2007. Markaðsaðstæður eru erfiðar fyrir öll fyrirtæki. Þá sérstaklega íslensk félög sem starfa á alþjóðlegum vettvangi meðal annars vegna gjaldeyrishafta, óstöðugs gengis krónunnar og ógreiðs aðgangs að lánsfé.

Umræða

Staðreyndin sem blasir við okkur Íslendingum er sú að viðskiptavild óx gífurlega hjá íslenskum félögum á góðæristímanum sem stóð frá 2003-2007. Hvort þessi vöxtur viðskiptavildar sé að engu, einhverju, miklu eða öllu leyti vegna þess að félög beittu þeim bókhaldsbrellum sem farið var yfir í kafla 3.3 skal ósagt látið. Enda eru hvergi nærri öll kurl komin til grafar varðandi orsakir þeirrar efnahagskrísu sem nú ríkir.

Tíminn einn getur svarað þeirri spurningu hvort það sama gildi um íslensk fyrirtæki og manninn í kvæðinu sem byggði hús sitt á sandi. Voru sum íslensk félög byggð upp með of hárrí viðskiptavild sem óx stöðugt þar til félögin féllu eins og húsakynni mannsins í kvæðinu þegar steypiregnið skall á? Reyndist eigið fé ekki eins hátt og gefið var til kynna?

En hvað er til ráða? Er regluverkið gallað? Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar eru af hinu góða þegar kemur að því að samræma reikningsskil félaga frá ólíkum löndum. Staðlarnir hafa hinsvegar þann galla að orðalag þeirra er oft á tíðum í loðnara kantinum og á að höfða til skynsemi þeirra sem gera reikningsskilin. Þá þarf að greiða fyrir aðganga að stöðlunum og er það umhugsunarefni. Með réttu ættu þeir að vera öllum aðgengilegir.

Jafnvel þarf að setja fyrirtækjum fastari skorður í reikningsskilum til að koma í veg fyrir að blekkingum sé beitt í bókhaldi fyrirtækja. Þannig væri hægt að vernda fjárfesta og lánastofnanir gagnvart slíkum blekkingum. Allar lagasetningar í þessa átt eru hinsvegar gríðarlega flóknar í framkvæmd. Það væri til að mynda óráðlegt að ætla að setja einhverskonar þak á virði viðskiptavildar þar sem hátt virði hennar er í mörgum tilfellum vel réttlætanlegt.

Viðskiptavild á fullan rétt á sér þó umræðan virðist oft benda til annars. Hægt er að misnota viðskiptavild til þess að blása upp eigið fé og fegra þannig efnahagsreikninga fyrirtækja. Því er ráðlegt fyrir fjárfesta að skoða viðskiptavild í bókum mögulegra fjárfestingakosta af varkárni. Á endanum eru það þeir sem leggja fé í fyrirtækin.